



# Bifreiðastjórafélagið Frami

---

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Umhverfis og samgöngunefndar  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Umsögn þessi er lögð fram í nafni Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra og Bifreiðastjórafélagins Frami. Alls eru u.m.þ.b 350 atvinnuleyfishafar innan þessara tveggja samtaka.

Umsögnin fjallar um þær greinar sem falla undir V. kafla frumvarpsins um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni sem nú er til afgreiðslu á Alþingi. Þá vitnum við einnig í aðrar greinar ef þurfa þykir. Þær breytingar sem við viljum sjá setjum við inn í frumvarpið auk þess sem við yfirstrikum það sem við viljum að falli út. Þá látum við skýringar fylgja þeim greinum sem við teljum að laga þurfi.

Reykjavík 27. febrúar 2015

F.h. BÍLS og Frami

Ástgeir Þorsteinsson formaður.

V. KAFLI  
**Leigubifreiðar.**

18. gr.

*Umsjón með leigubifreiðaakstri.*

Samgöngustofa fer með framkvæmd mála er varða leigubifreiðar. Undir starfssvið hennar fellur meðal annars útgáfa starfsleyfa leigubifreiðastöðva, útgáfa atvinnuleyfa, útgáfa leyfa fyrir forfallabilstjóra og námskeiðahald.

Samgöngustofa starfrækir gagnagrunn sem m.a. geymir upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Í gagnagrunninn eru skráðar nauðsynlegar upplýsingar sem liggja verða til grundvallar útgáfu atvinnu- og/eða starfsleyfis. Við skráningu gagna í gagnagrunninn og meðferð þeirra skal gætt ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samgöngustofa getur heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum með takmörkuðum aðgangi á leigubifreiðastöðvum og/eða hjá félögum leigubifreiðastjóra til útgáfu akstursheimilda.

Atvinnuleyfihöfum skv. 20. gr. og leigubifreiðastöðvum er skylt að veita Samgöngustofu allar upplýsingar sem varða atvinnuleyfi og nýtingu þeirra ef óskað er eftir.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Samgöngustofu að fela einstökum sveitarstjórnnum eða eftir atvikum landshlutasamtökum sveitarfélaga framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélaga enda liggja fyrir ósk þess efnis frá viðkomandi sveitarstjórnnum. Við flutning málaflokksins yfir til sveitarfélags tekur viðkomandi sveitarstjórn eða eftir atvikum landshlutasamtök sveitarfélaga við hlutverki Samgöngustofu samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.

**Eins og segir í athugasemdum við einstakar greinar þá eru litlar sem engar breytingar gerðar gagnvart 18. gr. Þar af leiðandi gerum við engar athugasemdir við hana.**

19. gr.

*Veiting atvinnuleyfis.*

Atvinnuleyfi er skilyrði þess að viðkomandi sé heimilt að taka að sér eða stunda leigubifreiðaakstur. Samgöngustofa gefur út atvinnuleyfi. Engum skal úthlutað atvinnuleyfi sem ekki hefur undirgengist námskeið skv. 3. mgr. Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt til þriðja aðila. Leigubifreiðastjórar skulu hafa í bifreiðinni skírteini til sönnunar á því að þeir hafi atvinnuleyfi eða stundi leigubifreiðaakstur í forföllum leyfishafa.

Samgöngustofa gefur út atvinnuleyfisskírteini gegn gjaldi. Endurnýja ber atvinnuleyfisskírteini á fimm ára fresti og skal þá leyfishafi/forfallabilstjóri leggja fram viðeigandi gögn sem sýna fram á að hann uppfylli enn skilyrði atvinnuleyfis, sbr. 20. gr.

Samgöngustofa heldur námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi með hæfilegu millibili og gerir viðunandi prófárangur og aksturstíma að skilyrði ásamt góðri íslenskukunnáttu fyrir því að leyfi verði veitt. Samgöngustofu er

heimilt að fela öðrum aðila framkvæmd námskeiða og fræðslu samkvæmt lögum þessum.

Samgöngustofa gefur út leyfi til forfallabílstjóra til staðfestu því að hann hafi leyfi til að aka leigubifreið enda fullnægi hann skilyrðum 20. gr. Leyfi til forfallabílstjóra telst ekki atvinnuleyfi leigubifreiðastjóra í skilningi laga þessara.

Það telst leigubifreiðaaakstur samkvæmt lögum þessum þegar:

1. Bifreið er tekin á leigu með bílstjóra gegn greiðslu samkvæmt gjaldmæli.
2. Þegar bílstjóri er fenginn til að aka bíl viðskiptavinar gegn sérstöku gjaldi.

### Skýring vegna 19. gr.

Eins og segir í frumvarpinu þá ber umsækjendum um atvinnuleyfi að undirgangast námskeið og gerir viðunandi prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Prófárangur einn er ekki það eina skilyrði sem gildir í dag, dagafjöldi (aksturstími) umsækjenda vegur mest þegar að úthlutun kemur. Þá finnst okkur að ekki komi nógu skýrt fram að forfallabílstjórinn eigi einnig að endurnýja skírteini sitt á fimm ára fresti.

Varðandi íslenskukunnáttu þá hefur oft komið upp sú staða að erlendir ríkisborgarar hafa undirgengist námskeið fyrir forfallabílstjóra með svo mjög mismunandi árangri þar sem íslenskukunnátta hefur ekki verið nógu góð og þar af leiðandi hafa prófin vafist fyrir þeim. Þá vitnum við í starfsbræður okkar á norðurlöndum sem hafa átt í miklum erfiðleikum vegna kvartana viðskiptavina gagnvart erlendum leigubifreiðastjórum. Yfirleitt eru þessar kvartanir komnar til vegna tungumálaörðuleika viðkomandi bílstjóra. Þá er rétt að benda á að víða í samfélaginu er farið fram á góða íslenskukunnáttu í atvinnuauglýsingum og teljum við þess vegna að ekki sé verið að brjóta á nokkurn hátt á viðkomandi umsækjenda. Við teljum að próf í íslensku ætti að vera grunnskilyrði fyrir alla þá sem sækjast eftir inngöngu á námskeið fyrir launþega.

### 20. gr.

#### *Skilyrði atvinnuleyfis.*

Sá einn sem fullnægir öllum eftirtöldum skilyrðum getur fengið atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri samkvæmt lögum þessum:

1. Hefur náð 23 ára aldri og er yngri en 70 ára.
2. Hefur heimilisfesti á Íslandi.
3. Er lögráða og fjár síns ráðandi.
4. Hefur óflekkað mannorð og hefur ekki sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem leigubifreiðastjórar verða almennt að njóta.
5. Hefur ekki framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum þessum og reglugerðum settum með stoð í þeim.
6. Hefur sannreynt starfshæfni sína með fullnægjandi ökuréttindum, tilskildum námskeiðum og öðrum þeim kröfum sem greinir í lögum þessum eða reglugerðum.
7. Stundar leigubifreiðaaakstur að aðalatvinnu, sbr. þó 1. mgr. 23. gr.
8. Hefur afgreiðslu á leigubifreiðastöð sem fengið hefur starfsleyfi Samgöngustofu, sbr. 24. gr.
9. Er einn skráður eigandi eða ~~fyrsti~~ umráðamaður bifreiðar þeirrar sem hann hyggst stunda leigubifreiðaaakstur á. Sé atvinnuleyfishafi skráður ~~fyrsti~~ umráðamaður skal samningurinn vera við fjármálafyrirtæki sem hefur

heimild til fjármögnunarleigu.

Heimilt er að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn þar til atvinnuleyfishafi nær 76 ára aldri ef hann telst hæfur til að stunda leigubifreiðaaakstur. Framlenging samkvæmt ákvæði þessu er háð því að avinnuleyfishafi hafi ekki verið frá akstri samkvæmt atvinnuleyfi vegna veikinda í meira en þrjá mánuði samtals frá síðustu endurnýjun.

**10. Þegar Samgöngustofa úthlutar atvinnuleyfi skv. 20. gr. skal hún tilkynna það viðkomandi skattayfirvöldum. Komí til þess að leyfishafi leggi atvinnuleyfi sitt inn skal það vera í höndum Samgöngustofu að tilkynna það viðkomandi skattayfirvöldum.**

Forfallabílstjóra er skylt að uppfylla öll skilyrði 1. mgr. nema 7., 8 og 9. tölul.

Skilyrðum skv. 1. mgr. verður leyfishafi einnig að fullnægja á leyfistímanum. Geri hann það ekki ber honum skylda til að tilkynna um slíkt til Samgöngustofu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir atvinnuleyfi og akstri leigubifreiðastjóra, þ.m.t. um hæfniskröfur, framkvæmd hæfnismats og framvísun læknisvottorðs vegna framlengingar eftir 70 ára aldur.

### **Skýring vegna 20. gr..**

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins segir m.a., kröfu um að leigubifreiðastjóri sé eigandi bifreiðar, hefur verið breytt lítillega til að taka tillit til þeirra aðstæðna sem virðast algengar nú um stundir, að bíleigendur séu aðeins umráðamenn bifreiða sinna sem skráðar eru sem eign fjármögnunar- eða rekstrarleigufyrirtækja. Gerð er krafa um að leigubifreiðastjóri sé einn eigandi eða umráðamaður þeirrar bifreiðar sem um ræðir. Við eftirlit Samgöngustofu með leigubifreiðaaakstri hafa komið í ljós ýmis álitaefni tengd því þegar fleiri en einn aðili eru skráðir eigendur eða umráðamenn bifreiðar. Tengjast þessi vandamál m.a. álitaefnum um skattskil og svarta atvinnustarfsemi. Þykir því nauðsynlegt að gera kröfu um að eigandi/umráðamaður leigubifreiðar sé aðeins einn.

Við viljum því að orðið fyrsti, í fyrsta másl. 8. Tölulið, verði felldur út ásamt sama orði í 2. másl. sama tölul. vegna merkingaleysis þeirra.

Í 3. mgr. sömu greinar segir. “Forfallabílstjóra er skylt að uppfylla öll skilyrði 1. mgr. nema 7. og 9. tölul”.

Þarna viljum við meina að villa hafi slæðst inn því við getum ekki séð hvernig forfallabílstjórinn á að geta uppfyllt 8. tölul. þar sem segir. “Hefur afgreiðslu á leigubifreiðastöð sem fengið hefur starfsleyfi Samgöngustofu, sbr. 24. gr. Við skýrum þetta, með því að benda á að það er leyfishafinn sem þarf að uppfylla öll skilyrði 20. gr., þar á meðal stöðvarskyldu.

Eins og fram kemur hér að ofan, þá erum við að mestu leiti ánægðir með öll þau skilyrði sem leyfishafi og forfallabílstjóri þurfa að uppfylla skv. 20. gr. Á móti finnst okkur litlar kröfur vera gerðar til skilyrða fyrir launþega sem aka skv. 13. gr. laganna. Nefna má að undir skilyrði 13. gr. fellur m.a. akstur eðalvagnþjónustu og akstur í ferðþjónustuleyfum. Eins og með akstur leigubifreiðar þá er þarna mjög oft um að ræða farþega í misjöfnu ástandi og þar af leiðandi þarf að gera miklar kröfur til þess sem ekur eðalvagni og eða í ferðþjónustuleyfi. Í 13. gr. eru engar kröfur gerðar til þeirra sem aka í fyrrnefndum leyfum, hvorki að þeir þurfi að uppfylla skilyrði um sakavottorð eða að vera fjárs síns ráðandi. Þá kemur ekki heldur fram um að þessir aðilar þurfi á nokkurn hátt að undirgangast námskeið að neinu lagi eins og á við um forfallabílstjóra

leigubifreiðastjóra. Spurningin er þarf ekki að gera sömu kröfur til þeirra sem aka skv. 13. gr., og gert er í 20. gr. Það vita allir að ferðapjónustan er viðkvæm starfsgrein og hlúa þarf að henni. Það er allavega okkar mat að tryggja þurfi öryggi farþega eins og best verður á kosið hvort heldur sé um að ræða eðalvagnaleyfi, ferðapjónustuleyfi eða atvinnuleyfi til handa leigubifreiðastjórum. Við sjáum engan mun á þessum atvinnuleyfum hvað varðar öryggi farþega.

Hér á árum áður var sú hefð að þegar atvinnuleyfi var gefið út var það tilkynnt skattayfirvöldum að viðkomandi leyfishafi væri kominn með leyfisskildann rekstur. Eftir að Vegagerðin tók yfir úthlutun atvinnuleyfa í mars 2002 var þessari hefð hætt. Vitað er að upp hafa komið mál þar sem í ljós kom að leyfishafar sem fengið hefur úthlutaðu atvinnuleyfi hefi sleppt því að tilkynna það skattayfirvöldum. Þá eru þess líka dæmi að leyfishafar hafi sagt sig frá rekstri hjá skattayfirvöldum en þrátt fyrir það haldið áfram starfsemi sem segir okkur að mjög sennilega hafi þarna verið um skattsvik að ræða. Leyfishöfum er gert að tilkynna Samgöngustofu ef þeir leggi leyfi sitt inn, eins er þeim gert skylt að tilkynna um færslu á milli stöðva í frumvarpi þessu sem er að sjálfsögðu hið besta mál. Við höfum áður bent ráðuneytinu á þetta gat gagnvart skattayfirvöldum en ekkert orðið ágengt. Vegna þessa viljum við að bætt sé inn 10. tölulið sem mætti orða svona.

“Þegar Samgöngustofa úthlutar atvinnuleyfi skv. 20. gr. skal hún tilkynna það viðkomandi skattayfirvöldum. Komi til þess að leyfishafi leggi atvinnuleyfi sitt inn skal það vera í höndum Samgöngustofu að tilkynna það viðkomandi skattayfirvöldum”.

Við erum ekki vissir um að þetta orðalag dugi en þá biðlum við til nefndarinnar að gera bætur þar á svo vel fari.

#### 21. gr.

##### *Takmörkun á fjölda leigubifreiða.*

Til að tryggja jafna og samfellda þjónustu við almenning árið um kring setur ráðherra í reglugerð nánari ákvæði um fjölda leigubifreiða á takmörkunarsvæðum, að fengnum tillögum Samgöngustofu eftir að leitað hefur verið umsagnar viðkomandi sveitarstjórna eða landshlutasamtaka sveitarfélaga og félaga leigubifreiðastjóra.

Takmörkunarsvæði skv. 1. mgr. eru:

1. Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes.
2. Árborg með Hveragerði, Ölfusi og Flóa.
3. Akureyri.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um mörk takmörkunarsvæðanna.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur þegar takmörkun hefst.

A svæðum þar sem ekki er kveðið á um takmörkun á fjölda leigubifreiða á umsækjandi rétt á að fá útgefið atvinnuleyfi ef hann fullnægir skilyrðum 20. gr.

Við þessa grein gerum við engar athugasemdir en fögnum því hinsvegar að loksins hafi ráðuneytið fallist á þessa breytingu eftir áralangar óskir leyfishafa á þessum svæðum að sameina Hveragerði, Ölfus og Flóahrepp við takmörkunarsvæðið í Árborg. Með þessari breytingu ætti öll þjónusta við

## viðskiptavini þessara svæða að batna til mikilla muna.

### 22. gr.

#### *Einkaréttur leigubifreiðastjóra.*

Starfandi leigubifreiðastjórur sem hafa útgefið atvinnuleyfi skv. 19. gr. er einum heimilt að stunda farþegaflutninga í atvinnuskyni á ökutækjum sem gerð eru fyrir átta farþega eða færri. Öðrum aðilum er aðeins heimill flutningur farþega í slíkum ökutækjum með sérstökum undanþágum samkvæmt lögum þessum.

Einkaréttur leigubifreiðastjóra skv. 1. mgr. tekur ekki til:

1. Leyfa til reksturs breyttra ökutækja skv. 29. gr.
2. Leyfa til reksturs eðalvagnaþjónustu skv. 30. gr.
3. Ferðaþjónustuleyfa skv. 31. gr.
4. Borgarleyfa skv. 32. gr.
5. Rekstrarleyfishafa er sinnir reglubundnum farþegaflutningum á tiltekinni leið eða svæði á grundvelli einkaréttar skv. 14. gr.

### Skýring vegna 22. gr.

**Varðandi 22. gr. Munum við gera athugasemdir við tölul. 2., 3. og 4. Þegar kemur að þeim greinum.**

### 23. gr.

#### *Nýting atvinnuleyfis.*

Leyfishafi skal hafa leigubifreiðaaakstur að aðalatvinnu, sbr. 19. gr. Þó má vikja frá því skilyrði á svæðum þar sem íbúar eru færri en 15.000.

Leigubifreiðastjóra sem öðlast atvinnuleyfi ber að hefja nýtingu þess innan þriggja mánaða frá útgáfudegi og að nýta það samfelld í tvö ár áður en til fyrstu innlagnar kemur. Að öðrum kosti fellur atvinnuleyfi úr gildi.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa.

~~Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína með forfallabílstjóra 35 daga í orlofi á hverju orlofsári. Við hver fimm ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætast sjö dagar við orlofsheimildina. Orlofsútgæð má aldrei vara lengur en 63 daga á ári.~~

Eftirlifandi maka leyfishafa er heimilt að nýta atvinnuleyfi hans í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa, þó eigi lengur en til þess tíma er leyfishafi hefði misst leyfið fyrir aldurs sakir ef hann hefði lifað. Þegar maki er ekki til staðar er dánarbúi leyfishafa heimilt að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjá mánuði eftir andlát leyfishafa en þó ekki eftir formleg lok búskipta. ~~Eftirlifandi maki eða sá er nýtt leyfið með þessari heimild skal uppfylla skilyrði 20. gr.~~

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

- a. orlofs, þ.m.t. fæðingar-og foreldraorlofs, veikinda eða annarra forfalla,
- b. vaktaskipta á álagstímum,
- c. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Ráðherra setur nánari reglur um undanþágur skv. 6. mgr. að fengnum tillögum Samgöngustofu og félaga leigubifreiðastjóra.

### Skýring vegna 23. gr.

**Okkar mat er að óheppilegt sé að hafa 4. mgr. inni í lögunum þar sem m.a. er getið um fjölda orlofsdaga og f.l. Í reglugerð nr. 397/2003 segir í 1. mgr. 16. gr. um undanþágur vegna orlofs. "Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína 35 daga í orlofi. Við hver 5 á frá leyfisveitingu í samfelldu starfi**

bætast 7 dagar við orlofsheimildina. Þó má orlofsútgerð aldrei vara lengur en 63 daga á ári nema nýtt sé heimild til færslu daga frá fyrra tímabili. Útgerð í orlofi er að lágmarki fjórir sólarhringar í hvert sinn nema þegar færri en 4 sólarhringar standa eftir að óteknu orlofi skulu þeir teknir í einu lagi”.

Í 2. mgr. sömu reglugerðar segir m.a. “Orlofstímabil hefst 1. maí ár hvert og stendur til 30. apríl árið eftir. Heimilt er að færa allt að 20 orlofsdaga á milli tímabila.”.

Við teljum að ef fjöldi orlofsdaga er ákveðinn í lögum þá falla þessir 20 dagar út sem heimilt er í dag að færa á milli tímabila. Kannski finnst ykkur sem lesið þetta að 63 dagar sé mjög gott. Leigubifreiðastjórar vinna langan vinnudag ásamt því að flestir þeirra vinna einnig um helgarnætur. Það er ekki óalgengt að vinnutími leigubifreiðastjóra sé u.m.þ.b. 60 til 70 tímar á viku og er því gott að eiga möguleika á góðu fríi öðru hverju.

6. mgr. á að okkar mati að segja allt sem segja þarf um undanþágur frá akstri eigin bifreiðar því að ef á að tiltaka fjölda orlofsdaga í lögum, þá er ekki hlaupið að því að gera breytingar þar á, ef þarf.

Í síðasta málsl. 5. mgr. segir. “Eftirlifandi maki eða sá er nýtir leyfið með þessari heimild skal uppfylla skilyrði 20. gr.”. Við sjáum ekki hver merking þessa málsl. er. Það er mjög skýrt í 20. gr. að sá sem ekur fyrir eftirlifandi maka verður að uppfylla flest skilyrði 20. gr. Ef eftirlifandi maki ætlar að aka sjálfur þá hlýtur hún/hann að þurfa að uppfylla það sama. Þá teljum við að orðalagið að nýta leyfið sé brot á 19. gr., um framsal atvinnuleyfis. Við teljum óþarft að þessi málsl. sé inni.

Þá viljum við að farið sé vel yfir a. lið 6. mgr. þar sem við teljum að ekki sé gert ráð fyrir því í lögum um fæðingar- og foreldraorlofi að að einyrkjar eins og leigubifreiðastjórar eru geti með réttu fallið undir þau þ.e. foreldraorlofið.

Silyrði þau sem sett eru á stéttina eru góð en eins og áður hefur komið fram þó þurfa fleiri rekstraraðilar að undirgangast slík skilyrði að okkar mati. Með þessu erum við ekki að segja að slaka ætti á skilyrðum því við viljum öryggi farþega sé í fyrirrúmi í öllu.

Það er bent á það í athugasemdum við einstakar greinar að vinna okkar sé mjög viðkvæm m.a. ökum við fólki í misjöfnu ástandi. Því miður hefur þetta alltaf lodað við allar athugasemdir á þann veg að það sé eins og við ökum aldrei neinum nema hann sé í misjöfnu ástandi. Svári nú hver fyrir sig. Ferð þú aldrei upp í leigubifreið nema að vera í misjöfnu ástandi? Þetta misjafna ástand þýðir mjög sennilega að þú sért undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Daglegt starf leigubifreiðastjóra fellst ekki í því að aka drukknu fólki alla daga, en um helgarnætur eru vissulega margir undir áhrifum en alls ekki allir. Fólk í misjöfnu ástandi er langt innan við helmingur þess farþega fjölda sem leigubifreiðastjórar flytja dags daglega.

24. gr.

#### *Leigubifreiðastöðvar.*

Leigubifreiðastöð skal hafa starfsleyfi Samgöngustofu til að starfrækja þjónustu við leigubifreiðar og fullnægja þeim gæða- og tækniröfum sem gerðar eru í lögum þessum og reglugerðum settum með stoð í þeim.

Samgöngustofa veitir leigubifreiðastöðvum starfsleyfi til fimm ára í senn og hefur eftirlit með þjónustu þeirra. Í starfsleyfi skal kveðið á um skyldu leigubifreiðastöðvar til að tryggja öryggi í greiðslumiðlun, fjarskiptasamband,

lágmarksfjöldi atvinnuleyfshafa á stöðinni, starfshæfni forráðamanns og önnur nauðsynleg atriði. Ráðherra setur reglugerð þar sem skilyrði þau sem nauðsynleg eru til starfsleyfis skulu nánar útfærð.

Viðskiptavinum leigubifreiðastjóra er heimilt hvenær sem er að leita til leigubifreiðastöðvar með ósk um upplýsingar eða kvartanir yfir þjónustu. Um upplýsingagjöf skal farið eftir verklagsreglum sem **Samgöngustofa setur í samvinnu við leigubifreiðastöðvarnar.** ~~setur sér og Samgöngustofa samþykkir.~~

Leigubifreiðastöðvar skulu halda til haga upplýsingum um nýtingu atvinnuleyfa og heildarfjölda ökuferða á viðkomandi stöð ásamt öðru sem tilheyrir rekstri stöðvarinnar og láta Samgöngustofu slíkar upplýsingar í té þegar óskað er eftir þeim.

#### **Skýring vegna 24. gr.**

**Að mörgu leiti erum við sáttrir við þessa grein en ætlum samt að benda á nokkur atriði sem okkur þykir að mættu fara betur.**

**Varðandi 3. mgr. þá er það ekkert nýtt að viðskiptavinum sé heimilt að leita eftir upplýsingum eða að kvarta yfir þjónust hvort sem það er við leigubifreiðastöð eða á öðrum sviðum viðskipta. Við teljum að oft sé um mjög viðkvæmar upplýsingar um að ræða að starfsreglur bifreiðastöðvar sem samþykktar hafa verið af Samgöngustofu séu ekki allt sem til þarf. Í 18. gr. hér að framan er talað um að við skráningu gagna í gagnagrunn Samgöngustofu skuli gætt ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í þeim samskiptum sem bifreiðastöð á við viðskiptavin leigubifreiðastjóra hljóta að gilda lög um persónuvernd.**

**Þá teljum ekki að nóg sé að segja að farið skuli eftir verklagsreglum sem stöðin setur sér og Samgöngustofa samþykkir. Okkar mat er að setja þurfi upp eina verklagsreglu sem gildi yfir allar bifreiðastöðvarnar, ef það er ekki gert hljóta að koma upp mismunandi tilfelli og um leið mismunun um að ræða á milli stöðva.**

#### 25. gr.

##### *Skylda til að vera á leigubifreiðastöð.*

Allar leigubifreiðar á takmörkunarsvæði skv. 21. gr. skulu hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð sem fengið hefur starfsleyfi Samgöngustofu.

Ef leigubifreiðastjóri sem nýtur atvinnuleyfis skv. 19. gr. er án afgreiðslu leigubifreiðastöðvar skal hann skráður á stöð að eigin vali. Leigubifreiðastöðvum er óheimilt að neita atvinnuleyfshafa um afgreiðslu nema gildar ástæður séu fyrir hendi, svo sem að sýnt sé að hann uppfylli ekki lengur skilyrði atvinnuleyfis skv. 20. gr. eða að það samræmist ekki fjárhagslegum og viðskiptalegum hagsmunum stöðvarinnar að hafa viðkomandi atvinnuleyfshafa skráðan á stöðina. Ákvörðun leigubifreiðastöðvar um að hafna atvinnuleyfshafa um afgreiðslu eða vísa atvinnuleyfshafa úr afgreiðslu skal vera skrifleg og rökstudd. Ákvörðunin skal tekin í samræmi við verklagsreglur sem ~~leigubifreiðastöðin setur sér og Samgöngustofa~~ **setur í samvinnu við leigubifreiðastöðvarnar** ~~samþykkir.~~ Ákvörðunin er kærnleg til Samgöngustofu.

Sé atvinnuleyfshafa vísað úr afgreiðslu á leigubifreiðastöð þarf hann hafa fengið afgreiðslu á nýrri leigubifreiðastöð innan sex vikna frá þeim degi er frávisun fór fram. Hafi atvinnuleyfshafi ekki fengið afgreiðslu á leigubifreiðastöð að þeim tíma liðnum verður að telja að skilyrði atvinnuleyfis skv. 20. gr. séu ekki lengur uppfyllt.



Leyfishafa skal gert skylt að koma með skriflega yfirlýsingu frá þeirri leigubifreiðastöð sem hann hyggst flytja sig frá til Samgöngustofu sem og frá þeirri stöð sem hann hyggst flytja sig til. Leigubifreiðastöð er óheimilt að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning á milli stöðva hefur borist frá Samgöngustofu.

Vilji leyfishafi flytja sig á aðra stöð eða leggja atvinnuleyfi sitt inn til Samgöngustofu skal hann segja upp stöðvarskráningu með minnst eins mánaðar fyrirvara.

### Skýring vegna 25. gr.

I 2. mgr. er m.a. fjallað um þá skyldu leigubifreiðastöðvar að taka við leyfishafa óski hann þess. Með þessu er í reynd búið að skilda stöðina til þess að taka við viðkomandi þó þannig að ef fyrir liggja gildar ástæður, svo sem að sýnt sé að hann uppfylli ekki lengu skilyrði 20. gr. eða að það samræmist ekki fjárhagslegum og viðskiptalegum hagsmunum stöðvarinnar að hafa viðkomandi atvinnuleyfishafa skráðan á stöðina. Að okkar mati kemur fleira til, fjöldi viðskiptavina er misjafn á milli stöðva og þar af leiðandi mismikil vinna fyrir þá sem á stöðvunum eru, þá er þjónustustig stöðvanna mismunandi og er dæmi þess að bílstjórar á einni stöðinni borgi mismunandi stöðvargjöld og er þá miðað við hversu mikla þjónustu þeir ætla að veita viðskiptavinum stöðvarinnar. Þetta fer þannig fram að ef viðkomandi bílstjóri ætlar ekki að vera í talstöðvarsambandi við stöðina þá greiðir hann lægri gjöld heldur en sá sem ætlar að þjónusta viðskiptavinum stöðvarinnar. Ein bifreiðastöðvanna sem starfar á höfuðborgarsvæðinu er með sinn eigin búnað til móttöku og sendingum pantana viðskiptavina sinna. Þeir sem aka á þessari stöð verða að vera með þennan búnað í bílum sínum. Til gamans má geta þess að slíkur búnaður kostar í dag per bíl vel á aðra milljón króna. Búnaður þessi er eign dótturfélags stöðvarinnar og leigja leyfishafar hann af þeim. Við getum ekki séð að hægt sé að gera þá kröfu að dótturfélagið þurfi að fjárfesta í fjölda slíkra búnaða til þess eins að verða við kröfum einhverra leyfishafa um að þeir eigi rétt á að fá afgreiðslu á þeirri stöð sem þeir kjósa. Við teljum að horfa þurfi aðeins til sjálfstæði stöðvanna í þessu sambandi og gera breytingu þar um.

Þá bendum við aftur á að ein verklagsregla þurfi að gilda yfir allar stöðvarnar annað getur ekki gengið upp.

### 26. gr.

#### *Hlutverk og skyldur leigubifreiðastöðva.*

Leigubifreiðastöðvar skulu skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver leigubifreiðastöð skal fylgjast með því að leyfishafar sem þar hafa afgreiðslu fari að fyrirmælum laga og reglugerða sem um starfsemina gilda. Skal hún sérstaklega fylgjast með skráningu á nýtingu atvinnuleyfis og því að reglur um nýtingu atvinnuleyfis séu ekki brotnar, sbr. 23. gr. Telji leigubifreiðastöð að þeir sem hafa afgreiðslu á stöðinni hafi brotið gegn fyrirmælum laga og reglugerða um starfsemi leigubifreiða skal hún tafarlaust skylda leyfishafa til úrbóta en að öðrum kosti vísa þeim af stöðinni. Skal slík ákvörðun vera skrifleg og rökstudd. Ákvörðunin skal tekin í samræmi við verklagsreglur sem ~~leigubifreiðastöðin setur sér og Samgöngustofa~~ setur í samvinnu við leigubifreiðastöðvarnar. ~~sambýkkir.~~ Ákvörðun um stöðvun afgreiðslu leyfishafa á stöð er kæránleg til Samgöngustofu.

**Við sjáum enga afmarka á þessari grein nema þá að við bendum á sameiginlegar verklagsreglur.**

27. gr.

*Gjaldmælar, auðkenni, verðskrá.*

Leigubifreiðar skulu ávallt auðkenndar skilmerkilega þannig að ekki valdi vafa að um leigubifreið er að ræða. Leigubifreiðastjóri skal ávallt hafa atvinnuleyfi sýnileg í leigubifreið. Ráðherra setur nánari reglur um auðkenningu leigubifreiða að fengnum tillögum Samgöngustofu.

Löggiltir gjaldmælar skulu vera í öllum leigubifreiðum. Neytendastofa hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

Gjaldskrá skal ávallt vera ~~sýnileg~~ **aðgengileg** viðskiptavinum leigubíla þegar stigið er upp í leigubifreið og á leigubifreiðastöðvum.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um meðferð, notkun og eiginleika gjaldmæla, með hvaða hætti gjaldskrá skuli vera sýnileg viðskiptavinum og önnur nauðsynleg atriði tengd auðkenningu og gjaldskrá leigubifreiða.

**Í athugasemdum við þessa grein segir í 2. mgr. “Ákvæði 3. mgr. 27. gr. um gjaldskrá er nýmæli. Sambærileg ákvæði af sviði neytendaréttar má finna víða í löggjöfinni. Ekki verður séð að þessi skylda sé verulega íþyngjandi, þannig er ekki gerð sú krafa að hverjum og einum viðskiptavin sé kynnt gjaldskráin fyrir fram, heldur eingöngu að gjaldskráin sé aðgengileg í leigubifreið sé þess óskað”.**

**Við teljum að heppilegra sé að nota orðið aðgengileg eins og segir í athugasemdum við einstakar greinar.**

28. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk og skyldur leigubifreiðastöðva og skilyrði starfsleyfis, þ.m.t. um kröfur um þjónustustig, lágmarksfjölda bifreiða og tæknibúnað. Þá er ráðherra heimilt að setja í reglugerð ákvæði um gæðastaðla um þjónustu leigubifreiðastjóra, gerð og búnað bifreiða o.fl. Leigubifreiðastöðvar skulu sjá um að gæðastöðlum sé framfylgt.

## VI. KAFLI

### **Afmörkuð leyfi til ákveðinna farþegaflutninga.**

29. gr.

*Breytt ökutæki.*

Samgöngustofa veitir leyfi til reksturs breyttra, sérútbúinna ökutækja, sem m.a. eru ætluð til aksturs utan þjóðvega, enda hafi leyfishafi almennt rekstrarleyfi skv. 12. gr. Skilyrði leyfisins er að það sé notað í tengslum við ferðaþjónustu og skal umsækjandi hafa rekstrarleyfi sem annaðhvort ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa eða geta sýnt fram á að nýting leyfisins fari fram í tengslum við aðila sem sinna ferðaþjónustu og hafa rekstrarleyfi sem annaðhvort ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari skilyrði fyrir útgáfu leyfis breyttra, sérútbúinna ökutækja, þ.m.t. um gerð og búnað slíkra ökutækja sem og sérstakar kröfur sem gera má til ökumanna þeirra.

Ökutæki skulu vera merkt rekstraraðila.

Við viljum gera smá athugasemd við 29. gr. í þá veru að hvergi kemur fram hvernig ökuréttindi sá skal hafa sem ekur í leyfi þessu.

30. gr.

*Eðalvagnar.*

Samgöngustofu er heimilt að veita skilyrt og tímabundið leyfi til reksturs eðalvagnþjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi skv. 12. gr. Leyfið skal að hámarki vera til fimm ára í senn og ávallt vera bundið því skilyrði að bifreiðin sé notuð í þeim tilgangi og með þeim búnaði sem ákvæði þessara laga gera ráð fyrir.

Sá einn sem hefur óflekkað mannorð og hefur ekki sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem eðalvagnabilstjórar verða almennt að njóta getur fengið leyfi til reksturs eðalvagnþjónustu samkvæmt lögum þessum.

~~Bifreiðin skal vera útbúin sem sérstök viðhafnarbifreið~~ **Til eðalvagna teljast glæsilegar fólksbifreiðar með skilrúmi á milli bílstjóra og farþegarýmis. Þær skulu einnig vera og þannig verulega frábrugðnar** í þægindum, útliti, búnaði og þjónustu bifreiðum sem notaðar eru í almennum leiguakstri.

**Eðalvagnar skulu einungis notaðar til sérstakrar viðhafnarþjónustu.**

Eðalvagn má einungis nota til aksturs farþega gegn umsömdu gjaldi samkvæmt fyrir fram gerðri pöntun á þjónustu þeirra. Eðalvagnar eru undanþegnir ákvæðum 27. gr. um gjaldmæla og merkingar.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfis til eðalvagnþjónustu, um eiginleika bifreiða og önnur nauðsynleg atriði.

**Skýring vegna 30. gr.**

Við gerum athugasemd við þriðju mgr. á þann veg að 3. mgr. hljóði eftirfarandi.

“Til eðalvagna teljast glæsilegar fólksbifreiðar með skilrúmi á milli bílstjóra og farþegarýmis. Þær skulu einnig vera verulega frábrugðnar í þægindum, útliti, búnaði og þjónustu bifreiðum sem notaðar eru í almennum leiguakstri.

Eðalvagnar skulu einungis notaðir til sérstakrar viðhafnarþjónustu”.

Frá því að eðalvagnaleyfi komu fyrst til sögunnar hafa þessi leyfi verið í reynd dulbúin atvinnuleyfi til leigubifreiðaksturs. Þá hafa félög leigubifreiðastjóra staðið í eilífu stríði við ráðuneyti, Samgöngustofu og þar áður Vegagerðina vegna brota á akstri þeirra sem fengið hafa þessi leyfi. Nýjasta dæmið er kæra Bifreiðastjórafélagsins Framma til Samgöngustofu vegna eðalvagnaleyfis. Sá leyfishafi fór þá leið að auglýsa á ja.is fastar ferðir á milli Leifsstöðvar og Reykjavíkur. Bifreið sú sem hann notar til akstursins er Volkswagen Caravella sem að okkar mati getur ekki talist eðalvagn, miklu frekar er um hópferðabifreið að ræða. Í bílnum var ekkert skilrúm eins og segir í reglugerð nr. 397/2003

Þrátt fyrir ábendingar Framma til Samgöngustofu um ólöglega starfsemi barst félaginu svar Samgöngustofu þann 12. febrúar s.l. þar sem segir að engar forsendur hafi breyst gagnvart leyfishafa og því ekki tilefni til frekari aðgerða.

Við sjáum ekki að nokkur munur eigi að vera á skilyrðum þeirra sem aka eðalvögnum eða leigubifreiðum. Eðalvagnar hafa í gegnum tíðina verið á ferðinni um helgarnætur við akstur farþega á milli heimila og

skemmtistaða, við sjáum ekki að sá akstur samrýmist þeim lögum og reglum sem um þennan akstur gildir. Þá er rétt að það komi fram að oftar en ekki þá eru þessir farþegar í misjöfnu ástandi eins og segir í athugasemdum við einstakar greinar um leigubifreiðar.

Því gerum við þá kröfu að þeir sem aka eðalvögnum þurfi að uppfylla sömu skilyrði og forfallabilstjórar á leigubifreiðum, þ.e. vera fjár síns ráðandi, uppfylla skilyrði um sakavottorð og f.l. það getur ekki talist til öryggis fyrir farþega eðalvagns að hver sem er jafnvel einhver með ljótan sakaferil geti sest upp í eðalvagn og ekið farþegum gegn gjaldi. Með þessu erum við að segja að breyta þarf 13. gr. þ.e. herða á skilyrðum leyfishafa og forfallabilstjóra.

### ~~31. gr.~~

#### ~~Ferðapjónustuleyfi.~~

~~Samgöngustofu er heimilt að veita sérstakt leyfi til farþegaflutninga við ferðapjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi skv. 12. gr.~~

~~Skilyrði ferðapjónustuleyfis er að það sé notað í tengslum við ferðapjónustu og skal umsækjandi hafa annaðhvort rekstrarleyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa. Þjónustan skal veitt samkvæmt fyrir fram umsömdu gjaldi, eigi skemur en sem hálf dagsferð eða sem hluti af annarri viðurkenndri ferðapjónustu, þ.m.t. flutningur farþega til og frá sérhæfðri afþreyingu sem er hluti af ferðapjónustu.~~

~~Ökutæki ferðapjónustuleyfishafa skulu vera merkt rekstraraðila.~~

~~Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu ferðapjónustuleyfis, um eiginleika ökutækja, sérstakar merkingar og önnur nauðsynleg atriði.~~

### Skýring vegna 31. gr.

Með þessari grein er vegið all alvarlega að stétt leigubifreiðastjóra með því að hleypa bæði smáum og stórum aðilum í ferðapjónustunni inn á markað leigubifreiðastjóra. Nokkuð er víst að sum þessara fyrirtækja munu fjárfesta í fjölda bíla til þessara flutninga og stunda þá vinnu sem leigubifreiðastjórar hafa í gegnum tíðina haft á sinni hendi og sinnt vel. Okkur finnst í reynd að frumvarpið sé til þess fallið að leigubifreiðaaakstur verði grein þar sem afkoman verður á þann veg að erfitt reynist að lifa af henni. Ef svo fer þá er nokkuð öruggt að þjónustan við viðskiptavinum versnar t.d. í þá veru að ökutaxti verði hækkaður óhóflega í þeirri von að hægt sé að lifa af rekstrinum og bílar munu örugglega eldast langt umfram það sem er í dag. Ökutaxti leigubifreiða hefur ekki hækkað s.l. tvö ár.

Þá sjáum við fyrir okkur að ferðapjónustuaðilar muni koma til með að nota þessi leyfi til flutninga á farþegum á milli Reykjavíkur og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar þrátt fyrir að í greininni segi að þjónustan skuli eigi vara skemur en sem nemur hálf dagsferð. Við höfum horft upp á svipuð brot t.d. þegar breytt ökutæki eru að sækja farþega í Flugstöð og aka þeim til Reykjavíkur eða sækja farþega á hótél og aka þeim á veitingasstað þrátt fyrir að þeir hafi eingöngu leyfi til flutnings farþega á vegum sem eru utan þjóðvega.

Í athugasemdum um einstakar greinar segir m.a. Eitt af markmiðum þessa frumvarps var að rýmka réttindi annarra en atvinnuleyfshafa í

leigubifreiðaaakstri til flutnings ferðamanna á bifreiðum átta manna eða færri. Eru hér aðallega hafðar í huga skoðunarferðir þar sem ökumaður er jafnframt leiðsögumaður með tilskilin réttindi. Segir þetta okkur að þeir sem aka hjá stórum fyrirtækjum í ferðaþjónustuleyfum þurfi að hafa réttindi sem leiðsögumenn? Væri þá ekki rétt að þau skilyrði fari inn í 13. gr. ásamt þeim skilyrðum sem finna má í 20. gr.

Til þess að leyfishöfum og forfallabílstjórum sé ekki mismunað ætti 20. gr. nánast öll að ná yfir þá sem fá úthlutaðu ferðaþjónustuleyfi og þá aka sem forfallabílstjórar í þeim leyfum.

Í fyrri drögum var gert ráð fyrir að leyfi þessi mætti eingöngu nota til flutnings farþega á vegum ferðaþjónustu og skildi sá akstur miðast við að ekið væri út fyrir hið svokallaða takmörkunarsvæði sem finna má í 21. gr. Í frumvarpinu er búið að fella þetta út og þar með höggva enn frekar að okkar stétt.

Í athugasemdum við frumvarpið er bent á að minni bílar mengi minna og er það eitt af rökum ráðuneytisins. Þessu erum við ekki sammála því það liggur í augum uppi að minni bílar hljóta að verða fleiri heldur en færri hópferðabílar og mengun því meiri en áður.

Okkar mat er að greinin eigi öll að fara út. Ef svo verður ekki þá viljum við benda á leið sem okkur getur hugnast.

Okkar tillaga er sú að þessum ferðaþjónustuleyfum verði aðeins úthlutað til þeirra sem eru með ökuréttindi til aksturs á stærri fólksbifreiðum og að þeir sömu séu fullgildir leiðsögumenn. Með því að gera þetta svona þá sýnist okkur að greinin skili því til var ætlast í byrjun.

Enn og aftur viljum við benda á að grein þessi getur gengið svo harkalega að stétt leigubifreiðastjóra að hrun blasi við. Stéttin hefur í gegnum tíðina þurft að berjast við ýmiskonar áföll. Stærsta áfallið var hið svokallaða bankahrún Á tveimur fyrstu árum hrunsins féll vinna leigubifreiðastjóra niður um ca. 35%, en það er ekki það sem við viljum fá yfir okkur aftur. Stéttin er enn að vinna sig út úr þeim hörmungum og hefur ekki náð að vinna upp hruinið enn í dag. Þessi grein er bara enn ein aðförin gagnvart okkur sem störfum sem leigubifreiðastjórar í dag.

Við vonum að þið getir orðið við ábendingu okkar að setja ferðaskipuleggjendur út ásamt ferðaskrifstofum og setja mörk um leiðsögumenn með löggild réttindi. Ef ekki þá viljum við sjá að öll greinin fari út úr frumvarpinu.

32. gr.

#### *Borgarleyfi.*

Samgöngustofu er heimilt að veita sérstakt leyfi til skoðunar- og kynnisferða á vistvænum farartækjum öðrum en bifreiðum, svo sem léttvögnum skv. 3. gr. Akstur slíkra farartækja með farþega er einungis heimill þar sem leyfður hámarkshraði er allt að ~~undir~~ 50—30 km á klst. Ákvæði 21. gr. um takmörkunarsvæði leigubifreiðastjóra hefur ekki áhrif á heimild handhafa borgarleyfis til að bjóða þjónustu sína í þéttbýli.

Skilyrði leyfis er að það sé notað í tengslum við skoðunar- og kynnisferðir og að uppfyllt séu öll ákvæði annarra laga og reglugerða um öryggis- og verndarbúnað í slíkum ökutækjum. Þjónustan er veitt samkvæmt fyrir fram umsömdu gjaldi.

Borgarleyfi skal uppfylla ákvæði 27. gr. um auðkenni, merkingar og gjaldskrá. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu borgarleyfis, öryggiskröfur og önnur nauðsynleg atriði.

### Skýring vegna 32. gr.

Með þessari grein er enn og aftur vegið að stétt leigubifreiðastjóra og á þann hátt að leyfa á ökutæki sem að okkar mati er hreint hættuleg gagnvart öryggi farþega. Okkar skilningur á þessari grein eftir að hafa fundað með starfsmönnum Innanríkisráðuneytisins var að þessi farartæki ættu ekki að fara á götur þar sem hámarkshraði væri allt að 50 km á klst. Nú kemur annað í ljós þegar frumvarpið liggur fyrir og er það miður.

Með tilliti til öryggis farþega teljum við að þessi ökutæki eigi aðeins að vera á þeim götum þar sem hámarkshraði er 30. km. á klst. Tæki þessi eru á þremur hjólum með segldúk í stað þaks samkvæmt myndum sem sjá má á vefsíðunni tuktuktours.is, en á þeirri síðu er upplýsingar um verð ásamt möguleikum á að bóka ferð fyrir sumarið. Okkur finnst það skrítið að hægt sé að bóka ferð áður en lög um starfsemina eru afgreidd frá Alþingi. Þá vekur það athygli á síðunni að sagt er að virðisaukaskattur sé innifalinn í verði. Eftir því sem við best vitum þá er enginn virðisauki á fólksflutningum. Okkur dettur helst í hug að aðilar innan stjórnarsýslunnar séu fyrir all löngu búnir að lofa ónafngreindum einstaklingum því að öruggt sé að þeir fái leyfi til að sinna þessari þjónustu.

Það vekur eftirtekt er að engar kröfur eru gerðar til reksraraðila eða þess sem ekur fyrir hann að uppfylla skilyrði eins og t.d. að hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu, óflekkað mannorð eða að hafa ekki framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þá má einnig velta þeirri spurningu upp hverskonar ökuréttindi þeir aðilar þurfa að hafa sem aka slíkum vögnum, þetta er jú akstur á fólki gegn gjaldi.

Með þessari grein er engu líkara en að það sé verið að bjóða mönnum upp á að stunda svarta atvinnustarfsemi í skjóli þessa frumvarps sem uppfyllt eru af viðamiklum öryggiskröfum gagnvart viðskipavinum allra annarra en Borgarleyfa.

### 71. gr. *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2015. X. kafli um réttindi farþega tekur þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 2016.

Við gildistöku laga þessara falla brott lög um leigubifreiðar, nr. 134/2001, með áorðnum breytingum.

**Við teljum einnig lög nr. 73/2001 hljóti að falla út.**

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Leigubifreiðastjórar sem hafa atvinnuleyfi á grundvelli laga um leigubifreiðar, nr. 134/2001, og rekstrarleyfishafar sem hafa rekstrarleyfi á grundvelli laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, halda réttindum sínum þar til gildistíma þeirra lýkur.

Einkaleyfissamningar sem gerðir hafa verið á grundvelli 7. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, halda gildi sínu þar til

upphaflegum gildistíma þeirra lýkur nema annað sé ákveðið.

Leigubifreiðastöðvar sem starfandi eru við gildistöku laga þessara skulu 1. janúar 2016 hafa uppfyllt öll ákvæði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla settra með stoð í þeim.

Ákvæði 3. mgr. 34. gr. fellur brott 1. janúar 2019.

Ákvæði 5. mgr. 25. 23.gr. fellur brott 1. janúar 2025.

**Í ákvæði til bráðabirgða í síðustu mgr. segir að ákvæði 3. mgr. 25. gr. falli brott þ. 1. janúar 2025. Þarna er ekki vitnað í rétta grein, því þetta á að vera 5. mgr. 23. gr. um nýtingu atvinnuleyfis.**

